



Reykjavík, 20.10.2021

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
104 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Áb. 382
26 OCT 2021
08.06.01
Tilv. USF20210519Z

Varðar: Breytingu á starfsleyfi fyrir olíubirgðastöðina á Höfn í Hornafirði

Við útgáfu starfsleyfis fyrir olíubirgðastöð félagsins á Höfn í Hornafirði, var gildistími starfsleyfisins takmarkaður við 4 ár á grundvelli þágildandi reglna, vegna þess að ekki var í gildi deiliskipulag fyrir lóðirnar sem olíubirgðastöðin er starfrækt á, í samræmi við reglugerð 785/199 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Í reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, sem leysti áðurnefnda reglugerð af hólmi, er ekki tilsvarandi ákvæði um að sé ekki í gildi deiliskipulag, megi einvörðungu gefa starfsleyfi út til fjögurra ára í senn.

Óskar Olíudreifing því eftir því við Umhverfisstofnun að starfsleyfi fyrir ofangreinda olíubirgðastöð verði breytt á þann veg að gildistími þess verði í samræmi við önnur þau starfsleyfi sem gefin voru út á sama tíma fyrir þær olíubirgðastöðvar sem stóðu á svæðum sem voru með gilt deiliskipulag, að því gefnu að skipulagsyfirlöld samþykki slíka breytingu.

Einnig óskar félagið eftir því að heimilisfangi Ósland verði fellt út úr starfsleyfinu, en félagið hefur selt eignir sínar þar.

Um leið dregur félagið áður innsenda starfsleyfisumsókn fyrir olíubirgðastöðina til baka.

f.h Olíudreifingar ehf

Gestur Guðjónsson

Olíudreifing ehf

Pósthólf 4230 · 128 Reykjavík · Sími 550 9900 · Fax 550 9999